

Sp.

607. Þingsályktun

[89. mál]

um fræðslu og þátt fjölmiðla í þágu áfengisvarna.

(Afgreidd frá Sp. 29. apríl.)

Alþingi ályktar, að brýn þörf sé markvissra aðgerða í þágu áfengisvarna í landinu. Sérstaklega beri að leggja rækt við hvers konar fyrirbyggjandi fræðslu- og upplýsingastarf.

Í því skyni skorar Alþingi á ríkisstjórnina að beita sér fyrir:

1. Að hraðað verði sem kostur er skipulagningu og undirbúningi Skólarannsóknar ríkisins á áfengisfræðslu í öllum skólum landsins og endurskoðun á reglugerð um slíka fræðslu.
2. Að fjölmiðlar, og þá einkum sjónvarpið, verði nýttir með skipulegum hætti í samráði við áfengisvarnaráð og aðra þá aðila, sem vinna að bindindisstarfi og áfengisvörnum.